

Tillaga

Viðtakandi: Bæjarráð

Efni: Viðauki 3 við fjárhagsáætlun 2024

Dags: 11. nóvember 2024

Málsnúmer: 202303624/2.5

Sendandi: Anna María Axelsdóttir staðgengill sviðsstjóra fjármála- og áhættustýringarsviðs

Tillaga:

Lagt er til að bæjarráð samþykki viðauka 3 við fjárhagsáætlun ársins 2024. Heildaráhrif viðaukans á fjárhagsáætlun ársins eru þau að rekstrarniðurstaða lækkar um 2 m.kr., fjárfestingar verða óbreyttar og handbært fé lækkar um 2 m.kr.

Sundurliðun viðauka:

1. Áhrif kjarasamninga á fjárhagsáætlun

Lagt er til að gerð verði breyting á fjárhagsáætlun þannig að miðlægt áætluðum launakostnaði sem ætlað var að mæta kjarasamningshækkunum á árinu verði deilt út að hluta þannig að launáætlanir stofnana verði hækkaðar til samræmis við nýja kjarasamninga.

Deild			Fjárhæð
02xxx	Kjarasamningshækkanir - Velferðarsvið	Tilfærsla launaáætlunar	66.604.691
04xxx	Kjarasamningshækkanir - Fræðslu- og frístundasv.	Tilfærsla launaáætlunar	200.247.309
05xxx	Kjarasamningshækkanir - Menningarmál	Tilfærsla launaáætlunar	2.386.251
06xxx	Kjarasamningshækkanir - Æskulýðs- og íþróttamál	Tilfærsla launaáætlunar	25.850.033
09xxx	Kjarasamningshækkanir - Skipulags- og bygg.	Tilfærsla launaáætlunar	4.072.651
11xxx	Kjarasamningshækkanir - Almenningsgarðar..	Tilfærsla launaáætlunar	3.143.111
21xxx	Kjarasamningshækkanir - Sameiginlegur kostnaður	Tilfærsla launaáætlunar	10.487.930
31xxx	Kjarasamningshækkanir - Eignasjóður	Tilfærsla launaáætlunar	2.625.582
33xxx	Kjarasamningshækkanir - Þjónustustöð	Tilfærsla launaáætlunar	2.559.555
43xxx	Kjarasamningshækkanir - Vatnsveita	Tilfærsla launaáætlunar	1.947.596
21820	Lækkun miðlægs launapotts	Tilfærsla launaáætlunar	-319.924.709
Engin áhrif á handbært fé			Samtals 0

Greinargerð:

Í ljósi þess að gengið hefur verið frá flestum kjarasamningum sveitarfélagsins er lagt til að áætluðum breytingum á launakostnaði sé deilt út í fjárhagsáætlunum stofnana af miðlægt áætluðum launakostnaði. Í fjárhagsáætlun ársins var miðlægt áætlaður launakostnaður áætlaður 761 m.kr.

2. Útsvarstekjur

Lagt er til að útsvarsáætlun ársins verði lækkuð til samræmis við útkomuspá ársins. Jafnframt er lagt til að miðlægt áætlaður launakostnaður lækki.

Deild			Fjárhæð
00010	Lækkun áætlaðra útsvarstekna	Lækkun útsvarstekna	160.000.000
21820	Lækkun miðlægs launapotts	Lækkun launakostnaðar	-160.000.000
Engin áhrif á handbært fé		Samtals	0

Greinargerð:

Þar sem almennar launahækkningar eru lægri en gert var ráð fyrir munu útsvarstekjur ársins verða lægri en áætlað sem jafnframt hefur í för með sér að launakostnaður sveitarfélagsins verður lægri. Er því lagt til að tilfærsla verði gerð af miðlægt áætluðum launapotti þannig að áætlaður launakostnaður lækki og að áætlaðar útsvarstekjur lækki.

3. Farsældarlög

Lagt er til að gerð sé tilfærsla á fjárheimildum af skrifstofu fræðslu- og frístundasviðs yfir á leik- og grunnskóla til að mæta kostnaði vegna tengiliða.

Deild			Fjárhæð
04205	Lágafellsskóli v/farsældarlaga	Tilfærsla kostnaðaráætlunar	4.410.317
04206	Helgafellsskóli - grunnskólahluti v/farsældarlaga	Tilfærsla kostnaðaráætlunar	3.242.880
04201	Varmárskóli v/farsældarlaga	Tilfærsla kostnaðaráætlunar	3.082.644
04202	Kvíslarskóli v/farsældarlaga	Tilfærsla kostnaðaráætlunar	2.739.280
04203	Krikaskóli v/farsældarlaga	Tilfærsla kostnaðaráætlunar	724.879
04108	Höfðaberg v/farsældarlaga	Tilfærsla kostnaðaráætlunar	1.176.172
04104	Hulduberg v/farsældarlaga	Tilfærsla kostnaðaráætlunar	742.459
04103	Hlíð v/farsældarlaga	Tilfærsla kostnaðaráætlunar	588.086
04101	Hlaðhamrar v/farsældarlaga	Tilfærsla kostnaðaráætlunar	382.256
04105	Leirvogstunguskóli v/farsældarlaga	Tilfærsla kostnaðaráætlunar	808.619
04203	Krikaskóli - leikskólahluti v/farsældarlaga	Tilfærsla kostnaðaráætlunar	757.161
04102	Reykjakot v/farsældarlaga	Tilfærsla kostnaðaráætlunar	573.384
04206	Helgafellsskóli - leikskólahluti v/farsældarlaga	Tilfærsla kostnaðaráætlunar	771.863
04020	Skrifstofa fræðslusviðs tilfærsla v/farsældarlaga	Tilfærsla kostnaðaráætlunar	-20.000.000
Engin áhrif á handbært fé		Samtals	0

Greinargerð:

Í fjárhagsáætlun Mosfellsbæjar 2024 var gert ráð fyrir fjármagni á skrifstofu fræðslusviðs vegna tengiliða í skólum vegna innleiðingar farsældarlaga. Áætlunin var sett miðlægt þar sem ekki var útséð um hvernig fjármagnið myndi skiptast milli einstakra skóla. Er því lagt til að tilfærsla verði gerð þannig að áætlaður kostnaður á skrifstofu lækki og hækki á skólum og grunnskólum.

4. Alþingiskosningar

Í tengslum við kosningar til Alþingis er lagt til að gert sé ráð fyrir tekjum og kostnað, en áætlað var fyrir alþingiskosningum á árinu 2025.

Deild		Fjárhæð	
21110	Kosningar	Hækkun tekjuáætlunar	-10.000.000
21110	Kosningar	Hækkun kostnaðaráætlunar	4.000.000
21110	Kosningar	Hækkun launaáætlunar	8.000.000
21110	Kosningar	Tilfærsla af kostnaðaráætlun	-8.500.000
21110	Kosningar	Tilfærsla á launaáætlun	8.500.000
Áhrif á handbært fé		Samtals	2.000.000

Greinargerð:

Vegna Alþingiskosninga er lagt til að áætlað sé fyrir launum, rekstrarkostnaði og tekjum frá ríkinu, en ríkið endurgreiðir sveitarfélögum hluta af kostnað af alþingiskosningum. Einnig er lagt til að áætlun vegna kosninga verði leiðrétt milli liða þar sem áætlun vegna forsetakosninga var sett á annan rekstrarkostnað en var greidd að mestu af launakostnaði.

5. Fjárfestingar Eignasjóðs

Lagt er til að gerðar séu tilfærslur innan fjárfestingaáætlunar Eignasjóðs.

Deild		Fjárhæð	
Eignasj.	Leikskólinn Helgafellslandi	Tilfærsla milli ára og fjárheimilda.	-25.000.000
Eignasj.	Helgafellsskóli - íþróttahús	Tilfærsla milli ára og fjárheimilda.	-25.000.000
Eignasj.	Varmárskóli	Tilfærsla milli ára og fjárheimilda.	-10.000.000
Eignasj.	Kvíslarskóli	Tilfærsla fjárheimilda skv. umhverfissviði	262.000.000
Eignasj.	Hlaðhamrar	Tilfærsla milli ára og fjárheimilda.	-5.000.000
Eignasj.	Varmárvellir	Tilfærsla milli ára og fjárheimilda.	-100.000.000
Eignasj.	Íþróttamiðstöðin að Lágafelli	Tilfærsla milli ára og fjárheimilda.	-35.000.000
Eignasj.	Fjárfest í gatnagerð	Tilfærsla milli ára og fjárheimilda.	-62.000.000
Engin áhrif á handbært fé		Samtals	0

Greinargerð:

Eignasjóður hefur endurmetið stöðu áætlaðra fjárfestinga á árinu. Ljóst er að ákveðin verkefni munu frestast fram til ársins 2025 og því er lagt er til að áætlunir þeirra verkefna verði lækkaðar og áætlun fjárfestinga við Kvíslarskóla verði hækkuð á móti. Aukin fjárheimild Kvíslarskóla er annars vegar vegna verka sem fresta þurfti fram á árið 2024 vegna athugasemda í kjölfar úttektar SHS 2023 og hins vegar verk sem áætlað var að myndu koma til framkvæmda 2025 en verða framkvæmd 2024.

Virðingarfyllst,
Anna María Axelsdóttir

Fylgiskjal:

1. Áhrif viðauka 3 á fjárhagsáætlun 2024.